



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 24. mars 2020

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 19. mars sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru unnar af mótanefnd KSÍ annars vegar og starfshópi mótanefndar um þingskjal 9 frá ársþingi 2019 ([Þingskjal](#)). Um er að ræða breytingar á grein **26, 27, 32 og 33**.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

26.gr.

4. flokkur karla

- 26.1.3. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá til keppni með eftirfarandi hætti:
- Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði.
 - Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið á sama svæði.
- ~~Mótanefnd er heimilt að veita félagi, sem skráir tvö lið til keppni, undanþágu til að lið 2 leiki sem C lið.~~ Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.
- 26.1.4. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B eða C lið, sbr. ákvæði 26.1.3, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

27.gr.

5. flokkur karla

- 27.1.4. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti:
- Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B eða C lið.
 - Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 1 leiki sem B lið og lið 2 leiki sem C lið.
 - Félag sem skráir þrjú lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 og 3 leiki sem C og D lið. Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.
- 27.1.5. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B, C eða D lið, sbr. ákvæði 27.1.4, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

32.gr.

4. flokkur kvenna

- 32.1.3. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá til keppni með eftirfarandi hætti:
- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði. Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.
- 32.1.4. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B lið, sbr. ákvæði 32.1.3, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

33.gr.

5. flokkur kvenna

- 33.1.4. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti:
- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B eða C lið.
 - b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 1 leiki sem B lið og lið 2 leiki sem C lið.
 - c) Félag sem skráir þrjú lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 og 3 leiki sem C og D lið. Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.
- 33.1.5. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B, C eða D lið, sbr. ákvæði 33.1.4, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

Samantekt

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af starfshópi mótanefndar um þingskjal 9 frá ársþingi 2019 KSÍ. Starfshópurinn skipuðu þeir Valgeir Sigurðsson, Sveinbjörn Másson, Magnús Örn Helgason, Baldur Már Bragaon og Birkir Sveinsson. Starfshópurinn var sammála um að fjölga þyrfti úrræðum til að félög geti skráð lið á það getustig sem þau telja að þeirra lið eigi að vera á. Framangreind úrræði í 4.- og 5. aldursflokki voru lögð til og formuð í reglugerð svo að mat mótanefndar ráði ekki of miklu um riðlaskiptingu.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru grænmerktar.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er rauðmerkt og yfirstrikað

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

26.gr.

4. flokkur karla

26.1.7. Eftir riðlakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar.

~~26.1.7. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:~~

~~— Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.~~

~~— Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.~~

~~— Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur A4 í stað þess.~~

~~— (Hér tákna A1: Lið nr. 1 í A riðli í undankeppni o.s.frv.)~~

26.1.8. Í úrslitakeppni skal leikið sem hér segir:

Leikdagur 1: ~~A1 A3 og B2 C1 / A2 F1 og B1 E1.~~

Leikdagur 2: ~~A1 B2 og A3 C1 / F1 E1 og A2 B1.~~

Leikdagur 3: ~~C1 A1 og B2 A3 / B1 F1 og E1 A2.~~

26.1.9. ~~Sigurvegarar riðla í úrslitakeppni skulu leika úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar og skal leikið til þrautar. Ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma skal framlengt. Sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við leikinn og skal hann miðast við 18 manns. Gæta skal hagkvæmni í ferðakostnaði.~~

Samantekt

Um er að ræða breytingar er varða fyrirkomulag á úrslitakeppni í 4. flokki karla sem unnar voru af mótanefnd KSÍ. Með breytingum þessum eru ákvæði í 4. flokki karla og kvenna samræmd, þ.e. mótanefnd KSÍ mun ákveða fyrirkomulag á úrslitakeppni í 4. aldursflokki hverju sinni.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.